Fjármálaráðuneytið og Fjársýsla ríkisins gera með sér svohljóðandi samning um árangursstjórnun

1. Tilgangur

Í samningi þessum er kveðið á um hlutverk Fjársýslu ríkisins og samskiptaferli milli stofnunarinnar og fjármálaráðuneytisins fest í sessi.
Jafnframt er kveðið á um gagnkvæmar skyldur fjármálaráðuneytisins og Fjársýslu ríkisins við útfærslu á lögbundnu hlutverki og verkefnum stofnunarinnar ásamt því sem samningurinn leggur grunn að áætlanagerð og mati á árangri af starfsemi hennar.
Í samningnum eru verkefni stofnunarinnar dregin fram og áherslur fjármálaráðuneytisins um starfsemi og rekstur hennar til næstu ára. Samningurinn breytir þó engu um ábyrgð ráðherra gagnvart Alþingi á rekstri stofnunarinnar né þeim stjórnsýsluskyldum sem ráðherra og stofnunin hafa lögum samkvæmt.

2. Hlutverk

Hlutverk Fjársýslu ríkisins er að samræma reikningsskil ríkisaðila og tryggja tímanlegar og áreiðanlegar upplýsingar um fjármál ríkisins. Einnig stuðla að öruggri og skilvirkri greiðslumiðlun fyrir ríkissjóð.

3. Verkefni

Helstu verkefni eru:

1. Gerð og framsetning uppgjöra fyrir ríkissjóð.
2. Samræming og gerð verklagsreglna fyrir bókhald og reikningsskil ríkisins.
3. Rekstur upplýsingakerfa og þróun og ráðgjöf er tengist notkun þeirra.
4. Ráðgjöf og kennsla fyrir ríkisaðila um bókhald, reikningsskil, innheimtu og launaafgreiðslu. Einnig ráðgjöf um nýtingu fjárhagsupplýsinga við fjármálastjórn.
5. Eftirfylgni með því að bókhald stofnana sé uppfært reglulega og um tilhögun innra eftirlits.
6. Færsla fjárhags- og launabókhalds fyrir ríkisstofnanir eftir því sem hagkvæmt þykir.
7. Móttaka innheimtufjár og annast greiðslur fyrir ríkissjóð.
8. Umsjón með innheimtugagnavinnslum ríkissjóðs.

4. Markmið og áherslur

Fjársýsla ríkisins kappkostar að veita viðskiptavinum sínum hraða og örugga þjónustu með áherslu á fagmennsku í vinnubrögðum. Stofnunin er leiðandi fyrir ríkið á sviði bókhalds og áætlanagerðar og hefur frumkvæði að innleiðingu nýrrar tækni og vinnubragða á því sviði. Þá leitast stofnunin við að tryggja að upplýsingakerfi ríkissjóðs séu á hverjum tíma öflug og hagkvæm og svari kröfum notenda.

Almennar áherslur

1. Að uppgjör séu aðgengileg og tímanleg og svari kröfum notenda hverju sinni.
2. Að upplýsingakerfi Fjársýslu ríkisins svari kröfum notenda varðandi gæði og öryggi.

3. Að efla fræðslu og ráðgjafarþjónustu m.a. með námskeiðshaldi og tryggja að ráðgjöf og þjónusta til ríkisaðila sé til fyrirmyndar.
4. Að fjölga þeim stofnunum sem sjá alfarið um fjárhags- og mannauðsbókhald sitt sjálfar að því marki sem hagkvæmt þykir.
5. Að efla innra eftirlit hjá ríkisstofnunum.

Stjórnunaráherslur
1. Að gera stjórnun stofnunarinnar stefnumiðaðri.
2. Að í starfsmannastefnu stofnunarinnar sé ávallt kveðið á um endurmenntun og jafnréttismál.
3. Að bæta og einfalda innri verkferla m.a. með tilliti til nýs upplýsingakerfis.
4. Að vera til fyrirmyndar í rekstri, s.s. við gerð áætlana og eftirfylgni með þeim innan ársins.
5. Að rekstur stofnunarinnar sé sem hagkvæmastur og innan fjárheimilda.

Á árinu 2005 verður lögð áhersla á:
1. Að ljúka innleiðingu nýrra fjárhags- og mannauðskerfa hjá ríkissjóði og ríkisstofnunum.
2. Ljúka þarfagreiningu fyrir lánabókhald ríkisins.

Á árinu 2006 verður lögð áhersla á:
1. Sem besta nýtingu upplýsingakerfanna, þannig að sýna megi fram á betri ákvarðanatöku um fjárhagsmálefni ríkisins sem byggir á fyllri og tímanlegri upplýsingum en áður.
2. Að undirbúa gerð árshlutauppgjöra á rekstrargrunni um starfsemi ríkissjóðs.

5. Skyldur og ábyrgð samningsaðila

Á samningstímanum skulu Fjársýsla ríkisins og fjármálaráðuneytið standa skil á verkefnum sem hér segir:

Fjársýsla ríkisins skal:
- Fyrir 31. janúar 2005 gera jafnréttisáætlun og senda jafnréttisfulltrúa ráðuneytisins eintak hennar.
- Fyrir 31. mars 2005 leggja fram drög að langtímaáætlun til næstu fimm ára, um helstu verkefni, forgangsröðun og áherslur á tímabilinu 2005-2009.
- Í desembermánuði ár hvert skila ráðuneytinu ársáætlun fyrir næsta ár sem innhaldi bæði rekstaráætlun og tiltekin markmið og mælikvarða innan ársins á grundvelli langtímaáætlunar.
- Skila í mars ár hvert ársskýrslu til ráðuneytisins sem gerir grein fyrir árangri í starfsemi stofnunarinnar undanfarið ár með samanburði við þau markmið sem birt eru í ársáætluninni ásamt uppgjöri.

Fjármálaráðuneytið skal:
- Leiðbeina stofnuninni um forsendur vegna áætlanagerðar og vekja athygli á laga- og reglugerðarbreytingum er varðar rekstur stofnunarinnar.

G.H.H.

- Taka innan 30 daga afstöðu til þeirra markmiðssetningar, forgangsröðunar og mælikvarða sem fram koma í áætlunum stofnunarinnar og koma sjónarmiðum ráðuneytisins á framfæri vegna þess.
- Halda fund með fjársýslustjóra ár hvert í kjölfar þess að stofnunin skilar ársskýrslu þar sem árangur ársins á undan er ræddur og langtímaáætlun stofnunarinnar skoðuð í því ljósi.

6. Gildistími og endurskoðun

Samningurinn gildir frá 1. janúar 2005. Gildistími er fimm ár en hvor aðili um sig getur óskað eftir endurskoðun innan þess tíma. Að tveimur árum liðnum skulu aðilar meta árangur varðandi sérstök markmið og endurmeta samninginn í heild. Vinna við endurnýjun samningsins skal hefjast a.m.k. þremur mánuðum áður en fimm ára samningstímanum líkur.

Reykjavík, 4. janúar 2005

Fjármálaráðherra

Fjársýslustjóri